

Fundur - 16.október.2003

Endurrit fundargerðar Brunamála- og almannavarnanefndar Reykhólahrepps frá 16. október 2003

Ár 2003 þann 16. október kl. 20:00 kom Brunamála- og almannavarnanefnd saman til fundar í fundarsal hreppsnefndar. Mættir undirritaðir aðalmenn auk sveitarstjóra og Ragnars Jóhannssonar slökkviliðsstjóra.

- 1) Skipulag slökkviliðs og nýtt matskerfi fyrir stjórnendur hlutastarfandi slökkviliða. Ragnar sagði að endurskipuleggja þyrfti slökkviliðið. Búið væri að finna mannskap á Reykhólasvæðið en vantaði inni í sveit. Gert væri ráð fyrir alls átta manns á Reykhólum og þremur í Króksfjarðarnesi. Einar Hafliðason verður áfram í forsvari fyrir Gufudalssveit en þar vantar slökkvikerru. Enn fremur er Ragnar búinn að útbúa eyðublöð fyrir bændabýli þar sem fram koma upplýsingar um fasteignir, vatnsból o.fl. Eftir er að fylla blöðin út en þau eiga að vera tiltæk í slökkvibifreið. Egill ræddi um þörf fyrir varalið sem gætu jafnvel verið sjálfbóðaliðar. Sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá ráðningu slökkviliðsmanna. Slökkviliðsstjóri greindi frá því að til stæði að halda bóklegt námskeið á vegum Brunamálaskólans eina helgi í febrúar 2004. Námskeiðið verður haldið í Reykhólaskóla. Fá þarf botn í hvort meiraprófs er krafizt á slökkviliðsbílinn. Bezt væri ef fyndist sérstakur bílstjóri á bílinn. Vinna þarf í því máli. Slökkviliðsstjóri ræddi enn fremur um nauðsyn þess að koma upp tankbíl. Enn fremur þarf að bæta við búnað og nýta fjárveitingu í fjárhagsáætlun. Brunaæfingar eru einnig nauðsynlegar á stöðum eins og Reykhólaskóla, Barmahlíð og Þörungaverksmiðju.
- 2) Brunavarnir í Flatey. Fyrir liggja tvær skýrslur. Önnur frá slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps (19. júlí 2003) og hin frá eftirlitsmanni Brunamálstofnunar (7. september 2003). Ástand brunavarna er ekki gott. Afla þarf tilboða í nýja kerru undir slökkvibúnað. Sveitarstjóra falið að ræða óformlega við slökkviliðsstjóran í Stykkishólmi um að Hólmarar séu í viðbragðsstöðu ef eldur kemur upp í Flatey.
- 3) Brunavarnir í Barmahlíð, Reykhólaskóla, Vogalandi og fleiri byggingum í eigu hreppsins. Von er á heimsókn í október frá Brunamálstofnun sem mun taka út ákveðnar byggingar í hreppnum.
- 4) "Skrifborðsæfing" í almannavörnum. Ekki hefur enn orðið af henni en stefnt að því að halda hana í vetur með aðstoð sýslumanns.
- 5) Kynning á TETRA-neyðarfjarskiptakerfinu (bréf frá TETRA ÍSLAND). Tilkynning.
- 6) Áfallahjálp í skipulagi almannavarna (bréf frá Almannavörnum ríkisins). Tilkynning.
- 7) GSM-samband í Reykhólahreppi, bréf Samgönguráðuneytis og svarbréf sveitarstjóra. Enn fremur bréf sýslumanns um sama efni. Rætt almennt um fjarskiptamálin sem eru alls ekki nógu góð.
- 8) Heimsókn starfsmanna almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra til almannavarnanefndar Reykhólahrepps 25. september 2003. Sveitarstjóri lagði fram lista yfir lykilmenn og lykilsímanúmer sem þessir fulltrúar lögðu fram á fundinum. Sá listi er mjög úreltur og þarfnast lagfæringar. Sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að leiðrétta hann í samráði við sýslumann.

Önnur mál:

- a) Slökkviliðsstjóri óskaði eftir að slökkviliðsmenn fái frítt í Grettislaug og að þeim verði útveguð aðstaða til líkamsræktar. Egill lagði til að slökkviliðsmenn fengju frían aðgang að íþróttasal skólans eitt kvöld í viku til þrekþjálfunar. Samþykkt með fyrirvara um samþykki skólastjóra. Enn fremur fái þeir frítt í sundlaug til líkamsræktar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:17

Bjarki Stefán Jónsson  
Ragnar Jóhannsson  
Leifur Samúelsson  
Egill Sigurgeirsson  
Einar Örn Thorlacius (ritar)